



Leiðréttta þarf alvarlegan samkeppnismun

og ráðherra þarf að koma með úrlausnir gagnvart fiskmörkuðum

Fyrtæki innan SFÚ þurfa að sæta gríðarlegri samkeppnismismun- un í greininni þegar kemur að hráefniskaupum.

Stjórnvöld hafa algjörlega brugðist skyldu sinni þegar kemur að verðmyndun fisks og þeim jafnræðisreglum sem þar ættu að gilda eins og í viðskiptum almennt.

Þrátt fyrir skýr tilmæli Samkeppniseftirlitsins til sjávarútvegsráðherra um úrbætur hefur hann ekki brugðist við og ástandið fer versnandi.

Samkeppnisbrot eru með alvarlegri lög- brotum í hverju samfélagi vegna þess að þau beinast gegn neytendum og samfélaginu í heild. Þessi brot verða þeim mun alvarlegri og afdrifarihari en ella þegar stjórnvöld aðhafast ekkert og láta brotin óátalin.

Nú er svo komið á fiskmörkuðum að kvótasterk fyrirtæki, sem gjarnan selja lítið inn á markaði, stunda þann ljóta leik að koma nánast daglega inn sem kaupendur og sprengja upp verð. Þannig blokka þau markaðinn og ógna rekstrargrundvelli fyrirtækja sem reida sig á fiskmarkaði til hráefnisöflunar.

Verði ekkert að gert til að auka framboð á fiskmörkuðum og jafna samkeppnisstöðu í íslenskum sjávarútvegi neyðist SFÚ til að grípa til sinna ráða til að verja stöðu sinna aðildarfyrirtækja. Í þeim efnum verða allar leiðir skoðaðar og ekkert útilokað.

Þróun fiskmarkaða á Íslandi hefur því miður verið mjög til hins verra undanfarin ár. Framboð sjávarfangs inn á markað, sem hlutfalls heildaraffa, hefur farið minnkandi og óstöðugleiki í daglegu framboði hefur aukist.

Aðgerðaleysi sjávarútvegsráðherra á stór- an þátt í þessari þróun og er núverandi ráð- herra fullkunnugt um þau mál. Þessi þróun hefur leitt til þess að fyrirtæki, sem jafnan

hafa aflað nánast 100% af sínu hráefni á fisk- markaði hafa neyðst til að ganga til samninga með bein viðskipti við báta til að tryggja hráefnisöryggi sitt.

Vigtarmál í ólestri

Það hefur svo enn frekar ýtt undir þessa hnignun fiskmarkaða að Fiskmarkaður Ís- lands gekk á undan í byrjun árs 2014 og hækkaði mjög gjaldtöku af kaupendum á markaði auk þess sem vigtarmál á fiskmörk- uðum eru í ólestri.

Markaðir eru í þeirri stöðu að geta ekki af- greitt rétta vigt. Menn geta spurt sig hvernig það megi vera að fiskmarkaðir geti ekki skaffað rétta vigt á þá vöru sem seld er í gegn- um þá, þar sem ákveðnar reglur gilda um ákveðna prósentutölu íss. Þessar reglur eru hins vegar bæði vitlausar og gallaðar.

Þegar dagróðrabátur landar að kveldi er oftast notast við 3% ísreglu sem dugar engan veginn til að kæla fisk sem veiddur er upp úr 10 stiga heitum sjó.

Síðan er það endurvigtun sem allir mark- aðir ættu að beita, en erfitt er að framkvæma í daglegum viðskiptum þar sem hraðinn er mikil og allir þurfa að fá sinn fisk strax til vinnslu því ferskleiki ræður miklu og mjög erfitt er að beita endurvigtun við slíkar að- stæður. Því skiptir máli að ráð sé gert fyrir raunhæfri ísprósentu.

Það er með ólíkindum að stjórnvöld geti ekki lagað þessi vigtarmál markaðanna ég veit til þess að forsvarsmenn markaðanna hafa lengi reynt að þrýsta á stjórnvöld að koma þessum málum í lag en ekkert gerist.

Það verður að koma á föst prósentu sem ætti að vera í kringum 7% fyrir strandveiðar. Framleiðendur verða að fá fiskinn vel kæld- an, eins og reglugerð ráðuneytisins segir til um. Ég beini þeim tilmælum enn og aftur til sjávarútvegsráðherra að hann beiti sér fyrir

því að þessi vinna fari strax af stað og fylgi málinu eftir. Til að byrja með mætti prófa í sumar að beita 7% ís reglu við strandveiðar og sjá hverju hún skilar.

Ekki verður lengur unað við það ófremd- arástand sem ríkir. Mitt fyrirtæki til dæmis er tilbúið að fara í þessa vinnu að skila end- urvigtun daglega af þeim bátum sem stunda strandveiðar. Við höfum fullkomin búnað til að framkvæma þetta daglega og skila í skýrsluformi beint frá löggiltum flokkara.

Væntanlega væru fleiri fyrirtæki innan SFÚ tilbúin í þessa vinnu, sem er eitt af brýn-ustu málum fiskmarkaða sem snúa að ráðu- neytinu.

RSF rekur vef fyrir kaupendur á fiskmörk- uðum til að þeir geti komið kvörtunum á framfæri. Ég fullyrði það hér og nú að flest- ar kvartanir eru vegna vöntunar á vigt og að uppgæfin er röng stærð á fiski. Ég vil koma að þakklæti fyrir þetta góða starf RSF manna.

Þarna er mikill gagnagrunnur sem hægt er að styðjast við.

Sjálfstæðir framleiðendur hlaupa undir bagga

Fiskmarkaðir hafa verið stærstu birgjar okk- ar SFÚ manna allt frá stofnun þeirra 1987. Ég skora á alla forystumenn fiskmarkaða að taka höndum saman og snúa þessari öf- ugþróun við sem allra fyrst því við megum engan tíma missa.

Fyrirtæki innan SFÚ hafa staðið sig frá- bærlega þrátt fyrir erfð hráefniskaup. Mörg þeirra eru með stærstu ferskfiskvinnslur landsins og hafa þau tekið við fyrirtækjum sem stóru kvótafyrirtækin hafa skilið eftir í rúst á landsbyggðinni og allri þeirri verk- kunnáttu sem þar hefði glatast ef þau hefðu lokast að fullu eins og hefur gerst víða. Þessu þurfa stjórnvöld að átta sig á.

Ég skora á alla alþingismenn að fylgjast

betur með þessari þróun og aðgerðaleysi stjórnvalda í garð okkar SFÚ manna.

Auknar aflaheimildir til strandveiða

Núna eru að hefjast strandveiðar og aldrei hefur stofnstærð þorsks verið betri. Við þess- ar aðstæður er kjörið tækifæri fyrir stjórnvöld að auka verulega aflaheimildir inn á fiskmark- aði til að rétta samkeppnishalla. Línuívilnun var beitt á árum áður. Þá fengu útgerðir 50% ívilnun við að landa línufiski inn á fiskmarkað. Þessi fiskur var tekinn til baka og var úthlutað í kvóta. Ráðherra getur skoðað stöðuna eins og hún var og gripið til aðgerða núna þegar stofnstærðin er í sögulegu hámarki og nýtt tækifærið til að leiðrétt það sem tekið var.

Slík ráðstöfun myndi styrkja fiskmarkaði verulega og gera eftirsóknarvert að landa fiski á fiskmarkaði. Ákveðnum potti var út- hlutað til línuveiða og tóku þátt í þessu öfl- ug línuskip og stóð veiðin frá nóvember til febrúar. Þetta viðskiptamunstur í viðbót við strandveiðar myndi styrkja fiskmarkaði verulega og eðlileg nýliðun og jákvæð þróun gæti átt sér stað.

Okkar helstu og dýrmætustu ferskfisk- markaðir þurfa hráefni allt árið og hafa strandveiðar algjörlega bjargað þeim mál- um undanfarin ár. Mörg smærri fyrirtæki hafa stundað þessar veiðar yfir sumarmán- uði þegar hefðbundin fiskiskip eru í klössun og stöpp.

Strandveiðar hafa nýst öllum, líka þessum kvótasterku þó að þeir hafi bölvad strand- veiðunum mikið á sínum tíma. Þeir sjá í dag að það er gott viðskiptamódel að festa í sessi strandveiðar yfir sumartímam til að gera okkur kleift að þjóna okkar dýrustu fersk- fiskmörkuðum.



MYND/ÓLAFUR ARNARSON

Leiðari

Aðgerðir ef stjórnvöld ekki verða við réttlátum kröfum

Albert Svavarsson bendir réttilega á það í viðtali í þessu fréttabréfi SFÚ að samkeppnisumhverfi í íslenskum sjávarútvegi er alvarlega brenglað. Hann nefnir hina „órofnu virðisdeðju“ sem virðist vera hið heilaga grál hérlendis. Í stað markaðslausna er ríkisvernduð einokun í sjávarútvegi. Örfá fyrirtæki fá niðurgreiddan aðgang að takmörkuðum þjóðarauðlindum. Þeim er veitt samkeppnisforskot gagnvart sjálfstæðum fiskverkendum sem verða að kaupa sitt hráefni á fiskmörkuðum.

Rökin sem færð eru fyrir þessari samkeppnismismunun eru þau að þessi órofna virðisdeðja tryggi hámarksafrakstur af þjóðarauðlindinni, ekki síst vegna þess að hún tryggi afhendingaröryggi til erlendra kaupenda og skapi þannig grunn fyrir hagstæða langtímasölusamninga.

En standast þessi rök? Nú gera sjálfstæðir fiskverkendur líka langtímasölusamninga og fá almennt hærra verð fyrir vöru sína en hinir, sem njóta „órofnu virðisdeðjunnar“. Kostnaður sjálfstæðra verkenda er hins vegar hærri en hinna sem njóta samkeppnisforskotsins. Sé „órofna virðisdeðjan“ svona dýrmæt fyrir fyrirtækin og þjóðarbúið ætti varla að þurfa að gefa kvótayfirtækjunum sérstakt samkeppnisforskot eins og gert er hér á landi.

Ekki nóg með það, því, eins og Jón Steinn Eliasson, formaður SFÚ, bendir á í grein sinni hér í Fréttabréfinu, láta kvótahafarnir sér ekki nægja samkeppnisforskið heldur koma þeir líka inn á fiskmarkaði sem kaupendur og sprengja upp verð. Þar með sprengja þeir upp hráefniskostnað samkeppnisaðila, sem ekki njóta niðurgreidds aðgangs að fiskinum í sjónum.

Samkeppniseftirlitið hefur beint skýrum tilmælum til sjávarútvegsráðherra að ráða bót á þeim samkeppnismun, sem ríkir á þessum markaði. Sigurður Ingi Jóhann-

son, frambjóðandi, sagðist hafa fullan skilning á þessu óréttlæti og að brýnt væri að ráða bót á því á fundi hjá Félagi atvinnurekenda fyrir þingkosningarnar 2013. Sigurður Ingi Jóhannsson, sjávarútvegsráðherra, hefur ekki séð ástæðu til að fara að tilmælum Samkeppniseftirlitsins.

Sjávarútvegsráðherra hyggst nú gefa makrillkvótann til örfárra útgerða sem veiddu makríl þegar hann fyrst birtist í íslenskri lögsögu. Ekkert tillit er tekið til þess að stór hluti þeirra verðmæta sem makrillinn hefur skilað í þjóðarbúið var skapaður hjá fiskvinnslufyrirtækjunum, sem keyptu makrillinn, unnu hann, markaðssettu og seldu til mannelis í útlöndum.

Málefni fiskmarkaða eru í ólestri. Aflamagn á markað hefur dregist saman sem hlutfall af heildarafla og er að auki mjög óstöðugt frá degi til dags. Ófremdarástand er í vigtarmálum. Fyrirtæki innan SFÚ eru mjög háð fiskmörkuðum um öflun hráefnis en hafa undanfarið ár í auknum mæli neyðst til að gera samninga um bein kaup frá útgerðum.

Það hlálega við þetta allt saman er að sjálfstæðu framleiðendurnir innan SFÚ hafa hlaupið í skarðið sem hefur verið skilið eftir víða á landsbyggðinni þar sem seld hafa verið skip og kvóti úr byggðarlögum. Á Bakkafirði, Breiðdalsvík, Hrísey og víðar hafa SFÚ fyrirtæki endurreist fiskvinnslu og halda uppi atvinnu og þannig byggð í einhverjum tilfellum.

Ljóst er að SFÚ og aðildarfyrirtæki þess munu grípa til róttækra aðgerða til að verja og rétta hag sjálfstæðra fiskframleiðenda ef ekki verður unninn bráður bugur á því ófremdarástandi sem ríkir á íslenskum fiskmörkuðum. Í þeim efnum verða allar leiðir skoðaðar og ekkert útilokað, eins og Jón Steinn Eliasson bendir á í grein sinni hér í fréttabréfinu.

SFÚ fyrirtæki styrkja nærsamfélagið og markaðssetningu erlendis

Þó að aðildarfyrirtæki SFÚ séu ekki eins stór og burðug og stórútgerðarfyrirtækin í landinu hafa þau stutt myndarlega við nærsamfélagið. Þessi stuðningur birtist m.a. í því að SFÚ fyrirtæki eru styrktaraðilar íþróttar- og tómsundastarfsemi. Golden Seafood Company hefur t.d. verið aðalstyrktaraðili Leiknis í mörg ár.

Þá hafa SFÚ fyrirtæki látið að sér kveða í markaðssetningu á íslenskum sjávarafurðum erlendis m.a. með myndarlegri þátttöku í alþjóðlegum fagsýningum erlendis. Samstarf hefur verið við Íslandsstofu um markaðssetningu víða um heim, t.d. í Suður-Ameríku og Kanada. Meðal fyrirtækja sem tekið hafa þátt í slíku samstarfi má nefna Goseco.

Íslenskur sjávarútvegur er meira en aðeins stórútgerðin.



MYND/ÓLAFUR ARNARSON

Meiri kvóta inn á strandveiðiflotann strax!

Stjórn SFÚ ályktaði á dögnum, eftir að stofnstærðarmælingar Hafró sýndu að botnfiskstofnar hér við land hafa aldrei verið sterkari frá því mælingar hófust. Skoraði stjórnin á sjávarútvegsráðherra að auka aflaheimildir strax á þessu kvótaári og að aukningin gengi til strandveiðiskipa. Hér að neðan er ályktunin í heild sinni:

Stjórn SFÚ fagnar niðurstöðum marsralls Hafrannsóknarstofnunar, sem leiddi í ljós að stofnstærð botnfiska á Íslandsmiðum hefur aldrei mælst sterkari frá því mælingar hófust 1985. Einsýnt er að þessi mikla stofnstærð kallar á aukningu kvóta þegar í stað. Hagsmunir þjóðarbúsins eru miklir.

Þá lýsir stjórn SFÚ furðu sinni á ummælum Kolbeins Árnasonar, framkvæmdastjóra SFS, sem telur ekki rétt að auka kvóta á þessu fiskveiðiári. Svo kann að vera að stórútgerðin telji sig ekki þurfa meiri aflaheimildir á þessu kvótaári.

Ófremdarástand hefur verið á fiskmörkuðum í allan vetur m.a. vegna ógæfta. Lítið magn af sjávarfangi hefur verið á mörkuðum og framboð mjög sveiflukennt frá degi til dags.

Nú fara í hönd strandveiðar sem hafa undanfarin ár skaffað fisk inn á ferskfiskmarkaði yfir sumartímann þannig að fyrirtæki sem stunda ferskfiskvinnslu geta tryggt ferskt íslenskt sjávarfang inn á dýrustu markaði erlendis allt árið. Þessi aukning nýtist öllum fyrirtækjum sem vinna ferskfisk yfir sumartímann og afla aukinna gjaldeyrstekna fyrir þjóðarbúið.

Þjóðarbúið má ekki við því að láta þröngan hóp stýra þessum miklu hagsmunum þjóðarinnar. Stjórn SFÚ skorar á sjávarútvegsráðherra að gefa út auknar aflaheimildir strax á þessu kvótaári.



MYND/ÓLAFUR ARNARSON

Óslitin, marxísk virðis_keoja í sjávarútvegi

Sjávarútvegur er ein höfuðútflutningsgrein íslensku þjóðarinnar. Hér á landi er útgerð rekin með miklum hagnaði ólíkt því sem gerist víða í nágrannalöndum okkar, þar sem sjávarútvegur er flokkaður með landbúnaði og studdur stórfellt með skattfé.

Þrátt fyrir mikinn hagnað í sjávarútvegi hér á landi og þá helst hjá stórutgerðinni fær sú sama stórutgerð gríðarlegar niðurgreiðslur frá skattgreiðendum þessa lands. Stórutgerðin fær aðgang að takmarkaðri þjóðarauðlind án þess að greiða neitt í líkingu við raunverð fyrir þann aðgang.

Þessu til viðbótar fær stórutgerðin mikild samkeppnisforskot á markaði gagnvart sjálfstæðum fiskverkendum vegna tvöfaldrar verðmyndunar í greininni sem gerir útgerð kleift að selja eigin vinnslu hráefni á skiptaverði Verðlagsstofu á meðan sjálfstæðir verkendur kaupa sitt hráefni á fiskmörkuðum. Munar oft 30-40 prósent hvað skiptaverðið er lægra en markaðsverðið.

Þrátt fyrir hinn ótvíræða ríkisstuðning, sem felst í niðurgreiddum aðgangi að sameign þjóðarinnar hafa stjórnvöld engar reglur sett um að eitthvað tiltekið lágmarksmagn afla skuli selt á fiskmörkuðum. Fyrir vikið er hráefniskortur á mörkuðum, verð uppsprengt og hráefnisöryggi ótryggt frá degi til dags.

Það er svo til að bíta hausinn af skömminni að útgerðirnar, sem njóta margs konar samkeppnisforskots og niðurgreiðslu frá skattgreiðendum, selja lítinn afla inn á fiskmarkaði en eru þeim mun duglegri sem kaupendur þar og sprengja upp verð. Útgerðarvinnslurnar geta hæglega borgað mjög hátt verð á mörkuðum þar sem meðal hráefniskostnaður þeirra er mun lægri en sjálfstæðra fiskverkenda vegna hinnar tvöföldu verðmyndunar.

Eitt fyrir kosningar og annað í ríkisstjórn
Félag atvinnurekenda fékk fulltrúa stjórn-málaflökkanna á fund um sjávarútvegsmál fyrir kosningarnar 2013. Þar mætti Sigurður Ingi Jóhannsson og lýsti fullum skilningi á óviðunandi samkeppnisstöðu sjálfstæðra fiskverkenda og vilja sínum til að taka á þeim málum kæmist hann í aðstöðu til þess. Síðustu tvö ár hefur Sigurður verið sjávarútvegsráðherra lýðveldisins og því í kjöradstöðu til að taka á skakkri samkeppnisstöðu í greininni og leiðrétta hana. Hann hefur ekkert aðhafst.

Ráðherra hefur hins vegar unnið ötulllega fyrir stórutgerðina frá því hann tók við embætti. Hann vinnur hörðum höndum að því að koma á langtímasamningum við útgerðina um nýtingarrétt á aflaheimildum sem í raun færa eignarhald frá þjóðinni til handhafa aflaheimilda með því að uppsagnarákvæði kveða á um að minnst 15 ár þurfi til að segja samningnum upp, eða trúir því einhver að hér muni einhvern tíma ríkja sá stjórn-mála-stöðugleiki að einni og sömu ríkisstjórninni takist að sitja í gegnum næstum fjögur kjörtímabil samfellt til að segja upp nýtingarrétti stórutgerðarinnar á fiskinum í sjónum?

Nú hefur ráðherra lagt fyrir Alþingi frumvarp til laga um makrílkvóta sem í fljótu bragði virðist vera lítið annað en generalprufa fyrir stóra málið. Nú á að gefa útgerðinni sex ára nýtingarrétt á makríl.

Ráðherra hefur tekið undir málflutning talsmanna stórutgerðarinnar, sem til skamms tíma voru einfaldlega kallaðir LÍÚ en nefna sig nú Samtök fyrirtækja í sjávarútvegi, um að lykilkostur við íslenska fiskveiðistjórnunarkerfið, þátturinn sem geri íslenskan sjávarútveg hagkvæmari en þekkið hjá öðrum þjóðum, sé hin óslitna virðis_keoja úr hafi í maga neytandans. Hvorki ráðherra né fulltrúum stórutgerðarinnar hefur hins vegar tekist að útskýra hvers vegna ríkið þarf að skaffa einmitt þeim fyrirtækjum sem halda á óslitnu

virðis_keoju sérstakt samkeppnisforskot á önnur fyrirtæki, sem ekki ráða yfir þessari verðmætu keoju. Ætti það ekki að vera öfugt?

Markaðslausnum hafnað og fyrirmýnda leitað í Sovét

Ráðherra sjávarútvegsmála hefur með öllu hafnað markaðslausnum í íslenskum sjávarútvegi. Hvernig verðleggur maður aðgang að takmarkaðri auðlind? Er rétt að gera það með því að reikna greiðslugetu útgerðarfyrirtækja út frá niðurstöðu ársreikninga þeirra? Skapar slíkt ekki hvata til að flytja af raksturinn sem lengst frá útgerðinni, helst í dótturfélag erlendis?

Eina leiðin til að verðleggja slíkan aðgang er vitanlega að nota markaðslausnir. Hvað eru menn tilbúnir að borga fyrir aðgang að auðlindinni? Ein leið til að láta markaðinn verðleggja aðganginn er að fyrna tiltekna prósentu kvótans á hverju ári og selja til hæstþjóðenda. Þetta er einföld og skilvirk leið.

Allt tal um að óslitna virðis_keoju sé eina leiðin til að fyrirtæki geti gert, og staðið, við langtímasamninga um afhendingu á fiski til erlendra kaupenda er vísvitandi blekking. Sjálfstæðir framleiðendur hafa verið í forystu um verðmætasköpun í íslenskum sjávarútvegi í 30 ár og hafa byggt upp dýrmætari markaði en Íslendingar höfðu á meðan fyrirtæki með óslitna, marxíska virðis_keoju sátu ein að útflutningi sjávarafurða. Sjálfstæðir framleiðendur hafa gert og staðið við langtímasamninga um reglulega afhendingu á fersku sjávarfangi til kaupenda á erlendum mörkuðum. Þeir gera það hins vegar með mun meiri tilkostnaði en útgerðarvinnslurnar, sem njóta samkeppnisforskots og niðurgreidds aðgengis að hinni takmörkuðu þjóðarauðlind.

Í þessu kerfi verður engin eðlileg nýliðun í greininni heldur fækkun, enda hefur það orðið raunin. Að óbreyttu stefnir í að einung-

is örfá fyrirtæki verði starfandi í íslenskum sjávarútvegi innan fárra ára. Hætt er við að slík atvinnugrein styðji illa við bakið á brot-hættum byggðarlögum, þegar allt miðar við að koma hagnaði af sameiginlegri eign í hendur örfárra gæðinga. En kannski er það einmitt tilgangur þeirra sem stjórna íslenskum sjávarútvegi.

Verra en ríkiseinokun

Sú óslitna virðis_keoju sem útgerðarvinnslur og báðir ríkisstjórnarflokkarnir halda að þjóðinni sem lyklinum að framtíð íslensks sjávarútvegs er ekki sér íslenskt fyrirbæri. Þessi virðis_keoju þekkið vel í veraldarsögunni. Hún er runnin úr áætlunarbúskap ráðstjórnarríkja-anna og mætti því kalla hana hvort heldur sem er marxíska eða sovéska.

Sá er munurinn á LÍÚ- virðis_keoju og hinni sovésku að í Sovétríkjunum sálugu var það ríkið sem hélt um atvinnutækni og átti virðis_keoju frá a-ö. Hér á Íslandi hafa stjórnvöld hins vegar fært örfáum einkafyrirtækjum virðis_keoju að gjöf með því að gefa niðurgreiddan aðgang að takmarkaðri auðlind, sem öll þjóðin á, og viðhalda að auki skökku samkeppnisumhverfi sem hyglar hinum sterku á kostnað hinna veikari.


Líkt og í Sovétríkjunum er markaðslausnum hafnað af þeim sem ráða í íslenskum sjávarútvegi. Sjálfstæðisflokkurinn segist vera flokkur samkeppni og markaðslausna en í sjávarútvegi segir hann markaðinn ekki eiga erindi. Stundum er talað um „kvótagreifa“ sem skuggastjórnendur Sjálfstæðisflokksins. Þetta dálæti flokksins á sovéskri virðis_keoju í sjávarútvegi kann að vera birtingarmynd þess að flokkurinn lætur vel að stjórn skuggastjórnendanna.

Góður maður sagði einhvern tíma að ríkiseinokun væri slæm en til væri eitt verra; ríkisvernduð einokun einkaaðila.

Höfundur er Ólafur Arnarson



Albert Svavarsson framkvæmdastjóri Ísfiskjar við nýja tölvustýrða vatnsskurðarvél fyrir tækisins. Á skjánum má sjá röntgenmynd af flaki sem rennur í gegnum vélin.



Í tölvu er hægt að ákveða stærðir og hlutföll skurðar af mikilli nákvæmni.



Ísfiskur lætur ekki mikið yfir sér en stundar þó blómlega starfsemi og skapar störf í Kópavogi og á Breiðdalsvík þrátt fyrir erfitt samkeppnisumhverfi.

Framsýni og kjarkur þrátt fyrir mótbyr

Ísfiskur í Kópavogi hefur nýlega fjárfest í tölvustýrðri fiskskurðarvél, sem nýtir röntgentækni og háþrýstivatnsbunur til að skera fiskflög með áður óþekktri nákvæmni. Þetta er mikil fjárfesting, vélin uppsett með færðböndum og öðru sem til þarf kostar yfir 100 milljónir. Vélin er af tegundinni Valka og er frá samnefndu fyrirtæki, sem einnig er staðsett í Kópavogi. Það voru íslenskir verkfræðingar sem stofnuðu Völku fyrir rúmum áratug.

Vélin var keypt á síðasta ári ásamt frystibúnandi og fleiru, samtals fjárfesting upp á 200 milljónir og var allt sótt í Kópavog. Frystibúnaðurinn var keyptur frá Frostmarki og öll hafa þessi fyrirtæki starfað alla tíð í Kópavogi.

Að sögn Alberts Svavarssonar, framkvæmdastjóra Ísfisks, verður ákveðin bylting hjá fyrirtækinu með tilkomu nýju vélarinnar. Afköst aukast til muna og nákvæmni við skurð er slík að hægt er að veita viðskiptavinum mun betri þjónustu en áður. Hvert einasta flak sem fer í gegnum vélin er röntgenmyndað og tölva reiknar út hvernig best er að haga skurði.

Bætt þjónusta við viðskiptavini og verðmætari vara

Hægt er að láta tölvuna skipuleggja skurðinn þannig að alltaf komi sama þyngd t.d. sporðstykkis eða hnakka svo ekki skeikar meira en 10 grömmum. Auðvelt er að breyta stærðum og þyngdum sem vélin sker og þannig hægt að þjóna mismunandi þörfum viðskiptavina. Röntgenaugu tölvunnar eru mun nákvæmari en mannsaugað. Algennt er að viðskiptavinur úti

í heimi vilji t.d. 120 gr. sporðbita og fyrir tíma vélarinnar tók tíma að þjálfa fólk til að skera slík stykki innan skekkjumarka. Svo breytist kannski pöntun viðskiptavinarins og hann vill 140 gr. stykki í næstu pöntun. Í nýju vélinni tekur 10 sekúndur að breyta einni breytu á meðan lengri tíma tekur að þjálfa mannsaugað.

Ísfiskur selur nær eingöngu inn á Bandaríkjamarkað, markað sem er mjög viðkvæmur og kröfuharður t.d. um að ekki séu bein í fiski. Með tilkomu nýju vélarinnar heyrir það til algerra undantekninga að bein finnist í fiski frá Ísfiski, sem styrkir mjög stöðu fyrirtækisins á hinum kröfuharða markaði.

Orð stjórnmalamanna lítis virði

Þegar talinu vikur að samkeppnisumhverfi í sjávarútvegi bendir Albert á að ekki fara saman orð og gjörðir stjórnmalamanna. Núverandi sjávarútvegsráðherra hafi til að mynda gefið skýrar yfirlýsingar á fundi hjá Félagi atvinnurekenda fyrir kosningarnar í apríl 2013 um að hann vildi taka á tvöfaldri verðmyndun í sjávarútvegi og styrkja fiskmarkaði. Hann hafi hins vegar ekkert gert í þá veru þó að hann sé búinn að sitja í ráðherrastóli í tvö ár og hefði sem hægst getað breytt reglugerð til að taka á þessum málum.

Albert segir vandamálið vera að svo virðist sem stjórnvöld séu ekki tilbúin að virðkenna fiskvinnslu sem sérstaka atvinnugrein í landinu. Eitthvað miklu stærra þurfi að koma til svo að stjórnvöld líti svo á að um atvinnugrein sé að ræða. Þar af leiðandi telji ráðandi stjórnmalamenn fiskvinnsluna enga kröfu eiga um

að eðlilegt samkeppnisumhverfi ríki.

Albert gagnrýnir þá órofnu virðisikeðju, sem er alls ráðandi í íslensku sjávarútvegi. Ekki verði betur séð en að ráðherrar fallist á að órofin virðisikeðja þar sem útgerð rekur fiskvinnslu og alla virðisikeðjuna allt til neytandans sé mun hagkvæmari leið til að skapa verðmæti úr sjávarafli en aðrar. Þá megi spyrja, ef óslitna virðisikeðjan hámarkar afrakstur af þjóðarauðlindinni, af hverju þarf þá að veita fyrirtækjunum sem yfir henni búa sérstakt forskot fram yfir aðra?

Tækni mikilvæg og starfsfólkið ómetanlegt

Ísfiskur var stofnaður árið 1980 og hefur því keypt fisk til vinnslu í 35 ár. Þrátt fyrir erfiðar samkeppnisaðstæður hefur verið kappkostað að halda fyrirtækinu í fremstu röð m.a. með fjárfestingu í tækni eins og vikið var að hér að framan. Albert segir að þrátt fyrir alla tækni megi ekki vanmeta mikilvægi starfsfólksins. Starfsmannavelta sé nánast engin og í fyrirtækinu ríki góður andi.

Starfsfólkið er flest Íslendingar af erlendu bergi brotnir. Albert segir laun í fiskvinnslu of lág og það verði að laga en erfitt sé um vik á meðan kerfið er hannað til að hagnaður í sjáv-



Nýja vatnsskurðarvélin sker af mikilli nákvæmni, svo ekki skeikar meira en 10 grömmum.

arútvegi verði næstum allur eftir hjá útgerðinni. Stundum sé talað um að skipta þjóðarkökunni með launum og það megi líka skoða það að skipta sjávarútvegsökunni með launum þannig að hagnaðurinn af takmarkaðri auðlindinni verði ekki allur eftir hjá útgerð og sjómönnum en nánast ekkert hjá starfsfólki í fiskvinnslu. Er það eðlilegt þegar methagnaður er í sjávarútvegi að hluti starfsfólksins, þeir sem vinna við landvinnslu, sé með laun undir fátæktarmörkum?

Ísfiskur er með starfsemi í Kópavogi en einnig tíu manna starfsstöð á Breiðdalsvík. Stórútgerðin hefur verið að skilja byggðarlög um landið eftir í sárum þegar skip og kvóti hafa horfið úr plássinu og útgerð lagst af. Aðildarfyrirtæki SFÚ hafa sums staðar komið inn og bjargað mörgum störfum í þessum byggðum. Þetta hefur verið í samstarfi við Bygðastofnun og fyrir tilstuðlan úthlutunar sérstaks byggðakvóta til brothættra byggða. Þannig eru það litlu fyrirtækin í sjávarútvegi sem viðhalda störfum og byggð í byggðarlögum sem hafa átt undir högg að sækja. Önnur byggðarlög sem þetta á við um eru m.a. Bakkafjörður og Hrísey.

Ósanngjörn úthlutun á makrílkvóta

Mikil umræða hefur verið um aðferðafræði við úthlutun á kvóta til makrílveiða í íslensku lögsögu. Við úthlutun hefur verið einblínt á þá sem veitt hafa makrílinn en ekki horft til annarra hagsmunaaðila. Að okkar mati hefur gleymst að horfa til þess að fiskur selur sig ekki sjálfur og framleiðendur/fiskvinnslur hafa unnið mikið markaðsstarf við að finna markaði fyrir makrílinn og þá sérstaklega markaði fyrir makríl til mannelis en mikill munur er á útflutningsvermæti eftir því hvort makríll er seldur til mannelis eða sem dýrafóður.

Framleiðendur hafa tekið mikla áhættu í þessu starfi því þeir hafa keypt makrílinn af útgerðum/sjómönnum og áhættan er svo öll framleiðendanna varðandi sölu og innheimtu. Það er því í hæsta máta ósanngjarnnt að fram-



leiðendur/fiskvinnslur fái ekkert fyrir það starf sem unnið hefur verið við að koma makrílafurðum á markað erlendis. Hér þarf því að gæta sanngirniss við úthlutun á makrílkvóta þannig að allir aðilar sem hafa komið að því að gera verðmæti úr makrílnum fyrir íslenskt þjóðarþú fái að njóta þess. Í núverandi frumvarpi til laga um stjórn veiða á Norðaustur-Atlantshafsmakríl er lagt til að 5% aflahlutdeildar renni til fiskskipa sem hafa verið frumkvöðlar að því að vinna makríl til mannelis. Af því sem sagt hefur verið hér að framan er það alveg ljóst að framleiðendur/fiskvinnslur eiga að fá hlutdeild í þessu eins og fiskiskipin.

Höfundar þessarar greinar, Steingrímur Leifsson og Þórgrímur Leifsson reka Frostfisk ehf.